

SAMÞYKKT
um sorphirðu í Ísafjarðarbæ

1. gr.

Almenn ákvæði.

Meðhöndlun úrgangs í Ísafjarðarbæ skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Ísafjarðarbær annast söfnun sorps frá öllu íbúðarhúsnæði í þéttbýli sveitarfélagsins og á gámastöðvum fyrir íbúðarhúsnæði í dreifbýli. Ísafjarðarbær annast förgun úrgangs frá íbúðarhúsnæði og atvinnufyrirtækjum samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Bæjarstjórn og umhverfisnefnd ber ábyrgð á úrgangsmálum fyrir hönd Ísafjarðarbæjar og samskiptum við þá aðila sem þeim viðfangsefnum tengjast. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar, rekstur söfnunarstöðva og móttökustöðvar sem og flokkun og förgun úrgangs. Hver sá sem tekur verkefnið að sér skal hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Vestfjarða eða Umhverfisstofnun, eftir því sem það á við.

2. gr.

Sorphreinsun og förgun skal framkvæmd undir stjórn tæknideildar Ísafjarðarbæjar. Ísafjarðarbær, í samráði við framkvæmdaraðila/verktaka, ber ábyrgð á að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og sorp á víðavangi, götum, gangstígum, opnum svæðum eða fjörum í sveitarfélaginu. Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri. Þjóti húsráðandi gegn ákvæðum þessarar samþykktar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það til umhverfisfulltrúa Ísafjarðarbæjar sem hlutast þá til um að úr verði bætt.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í umsjá Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

3. gr.

Söfnun á heimilisúrgangi.

Húsráðendum, forsvarsmönnum fyrirtækja eða stofnana í Ísafjarðarbæ er skylt að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn ákveður.

Ísafjarðarbær leggur heimilum til sorplát fyrir tiltekna tegundir úrgangs. Ílátin skulu þannig gerð að auðvelt verði að flokka úrgang í samræmi við það flokkunarkerfi sem er í notkun á hverjum tíma.

Gæta skal þess að fylla ekki ílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst.

Í dreifbýli er heimilt í samráði við heilbrigðiseftirlit að setja upp ílát fyrir úrgang í alfaraleið í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Staðsetning íláts skal vera þannig að aðgengi að því sé gott. Í ílátin má eingöngu setja heimilisúrgang.

4. gr.

Flokkun og frágangur.

Í sorplát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajám og annan grófan úrgang í sorplát og gáma sem ætluð eru fyrir almennan heimilisúrgang. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjótt, múrbrot o.þ.h., skal skilað á viðurkennda móttöku- og flokkunarstöðvar (losunarstaði). Umhverfisnefnd er heimilt, í sérstökum tilvikum, að stilla tímabundið upp gámum fyrir slíkan úrgang, t.d. í tengslum við átak í umhverfismálum. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorplát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

5. gr.

Sorpgeymslur.

Ganga skal þannig frá slátum fyrir úrgang og sorpgeymslum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þau hreinsuð reglulega. Sorpgeymslu má eingöngu nota til geymslu úrgangs, Sorplát skulu fest með búnaði sem sorphirðumenn eiga auðvelt með að losa.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar og standa sem næst aðkomu að lóð. Þær skulu þar sem því verður við komið staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða, tunnur skulu ekki vera fleiri en þurfa þykir. Halda skal greiðfærri leið að sorpgeymslum og sorplátum og hreinsa burt snjó á vetrum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að sorplátum til losunar. Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

6. gr.

Söfnunarstöðvar og móttökustöð.

Söfnunar- og móttökustöðvar sem almenníngur á aðgang að, skulu staðsettar á aðgengilegum stöðum.

Á söfnunarstöðvum skal tekið á móti flokkuðum úrgangi til endurnýtingar og/eða endurvinnslu frá heimilum og minni fyrirtækjum. Óheimilt er að losa annan úrgang á söfnunarstöðvum en þá flokka sem tilgreindir eru með merkingum á hverri söfnunarstöð.

Móttökustöð tekur á móti flokkuðum úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum samkvæmt gjaldskrá Ísafjarðarbæjar hverju sinni.

7. gr.

Hreinsun.

Sorphreinsun almenns heimilissorps fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti.

Bæjarstjórn eða verktaki gefur út og birtir upplýsingar um hversu oft sorphreinsun fer fram. Ákvörðun um tíðni sorphreinsunar skal tekin í samráði við Heilbrigðiseftirlit og framkvæmdaraðila/verktaka. Breytingar skulu kynntar bæjarbúum með hæfilegum fyrirvara.

8. gr.

Gjaldtaka.

Bæjarstjórn innheimtir gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarfélaginu heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjöldin skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Gjöld fyrir hirðu og förgun úrgangs innheimtast með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

9. gr.

Álagningarforsendur.

Allt íbúðarhæft íbúðarhúsnæði í þéttbýli Ísafjarðarbæjar greiðir sorphreinsunar- og sorpförgunargjald. Allt íbúðarhæft húsnæði í dreifbýli ber aðeins sorpförgunargjald.

Öll sumarhús í Ísafjarðarbæ greiða 50% af sorpförgunargjaldi. Íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu greiða 50% af sorpförgunargjaldi.

10. gr.

Kvartanir og kærur.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til verktaka. Telji húsráðandi sig ekki hafa fengið fullnægjandi úrlausn þá getur hann skotið málinu til Ísafjarðarbæjar eða Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

11. gr.

Viðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.


12. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 14. desember 2011

F.h.r.


Sigurbrún
Ísibjörgmundsd.